

Tillaga að breytingu á

STARFSLEYFI

[UST202101-250]¹

Framleiðsla á laxi

Fiskeldi Austfjarða hf.,

Fáskrúðsfjörður

Lögheimili:

Nesbala 122, 170 Seltjarnarnes,

Kt.: 520412-0930

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 520412-0930, fyrir sjókvíaeldi á 11.000 tonna ársframleiðslu af laxi í Fáskrúðsfirði. Fiskeldi Austfjarða hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. [Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.]²

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 11.000 tonnum af laxi [...] ³. Hámark lífmassa á hverjum tíma er 11.000 tonn í Fáskrúðsfirði. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka 1 og 2. Starfsleyfið nær til þriggja staðsetninga í Fáskrúðsfirði á [þrem sjókvíaeldissvæðum sem samanstanda af eldissvæðunum Höfðahúsbót, Eyri/Fögrueyri og Einstigi.

Sjókvíaeldissvæði A

- Eldissvæðið Höfðahúsbót

¹ Breyting gerð 2021, upphaflegt málnúmeri var UST201701-039

² Breyting gerð 2021.

³ Breyting gerð 2021 þar sem textinn „frjóum eða ófrjóum (að hámarki 6.000 tonn af frjóum laxi)“ er tekinn út.

Sjókvíaeldissvæði B

- Eldissvæðið Eyri/Fagraeldissvæði

Sjókvíaeldissvæði C

- Eldissvæðið Einstigi]⁴

Eldið er að jafnaði á tveimur eldissvæðum í senn, einn árgangur sem alinn er í 18-24 mánuði. Að loknu því tímabili er sjókvíaeldissvæðið hvílt í 9-12 mánuði milli eldislota.

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Bendi niðurstöður umhverfisvöktunar til þess að uppsöfnun næringarefna eigi sér stað eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni að mati Umhverfisstofnunar, sbr. gr. 5.1, getur stofnunin einhliða frestað því að sett verði út seiði í viðkomandi fjörð.

1.3 Eftirlit

[Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.]⁵

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

⁴ Breyting gerð 2021 þar sem Æðasker er tekið út og Einstigi sett inn í staðinn og sjókvíaeldissvæði sett inn.

⁵ Breyting 2021, ákvæði uppfært.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið[, viðurlög]⁶ og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

[Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]⁷

⁶ Breyting 2021, viðbót.

⁷ Breyting 2021, uppfærsla.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við [6. gr. og IV. viðauka]⁸ reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir 1. maí 2019 og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlaða. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. [Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.]⁹

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldiskvíum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr.

⁸ Breyting 2021, viðbót.

⁹ Breyting 2021. Viðbót.

344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og

jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í gr. 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur um gæði vatns.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 9,0 kg /tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfseminni í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfisvöktun, sbr. 5. kafla, til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía. Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m³

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi eldissvæðanna í firðinum um líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila[, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.]¹⁰ Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

¹⁰ Breyting 2021, viðbót.

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrífa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.9 um lífbrjótanlegan úrgang.

3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6 og 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sóttþreinsiefna
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- niðurstöður mælinga,

- losun næringarefna,
- lyfjagjöf m.a. vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (magn og dagsetning).

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.

4.3 [Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.]¹¹

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ISO 12878 og [...] ¹² og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum ¹³ og gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisstöðunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

¹¹ Viðbót 2021, uppfærsla en áður fjallaði kaflinn um grænt bókhald og útstreymisbókhald.

¹² Breytt 2021 þar sem ISO 19493 er tekið út þar sem það á ekki við lengur.

¹³ Samkvæmt lögum 36/2011 um stjórn vatnamála.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerð nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 19. mars 2035.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði frá 22. júní 2018, fyrir framleiðslu á allt að 3.000 tonnum af regnbogasilungi á ári.


Greinargerð fylgir starfsleyfinu í fylgiskjali I þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík

Umhverfisstofnun

[Viðauki 1]¹⁴



Á kortinu má sjá staðsetningar sjókvíaldis í starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða.

¹⁴ Breyting 2021, uppfært kort með breyttum svæðum.
Síða 11 af 13

[Viðauki 2]¹⁵

Hnit eldis í Fáskrúðsfirði.

Eyri/Fagraeyri	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	64°54.29580	13°54.14520
Punktur 2	64°54.56160	13°54.03000
Punktur 3	64°54.31200	13°51.30300
Punktur 4	64°54.04680	13°51.41820
Einstigi	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	64°53.46840	13°49.28100
Punktur 2	64°53.70600	13°48.97920
Punktur 3	64°53.13120	13°46.53840
Punktur 4	64°52.89420	13°46.84440
Höfðahúsabót	Norðurhnit (N)	Vesturhnit (W)
Punktur 1	64°54.43140	13°49.63800
Punktur 2	64°54.67200	13°49.35300
Punktur 3	64°54.12600	13°46.87740
Punktur 4	64°53.87940	13°47.15280

¹⁵ Breyting 2021, breytt hnit vegna breytinga á svæðum.

Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 1.2.
- Í gr. 2.1 er ákvæði um að leggja skuli fram umhverfismarkmið fyrir 1. maí 2019 þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.3 er ákvæði um að skiladagar fyrir [útstreymisbókhald]¹⁶ séu samkvæmt ákvæðum viðeigandi reglugerða.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

¹⁶ Breyting 2021, hér stóð áður grænt bókhald og útstreymisbókhald
Síða [13](#) af [13](#)